



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 28. ágúst 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjalda

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök fjármálafyrirtækja (samtökin) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjalda sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 24. júlí 2019.

Verði frumvarpið að lögum verða reglur um innheimtu opinberra skatta og gjalda, reglur um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og hluti innheimtuákvæða tekjuskattslaga sameinuð í ný heildarlög. Samtökin fagna því markmiði að lagaumgjörð málaflöksins verði einfölduð og telja eðlilegt að innheimtumaður hafi þau úrræði sem hann þarf til að sinna sínu hlutverki.

Samtökin vilja þó minna á mikilvægi þess að gæta að friðhelgi einkalífs og persónuvernd þegar kemur að þeim upplýsingum sem ríkið telur sig þurfa hverju sinni til að rækja skyldur sínar. Að mörgu er að huga þegar kemur að vernd og vinnslu persónuupplýsinga sem eðlilegt væri að tiltaka í frumvarpi sem þessu svo sem hvernig öryggi við meðferð upplýsinganna verður tryggt, þau skilyrði sem tryggja lögmæta vinnslu og meðalhóf, samspil við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og við upplýsingalög nr. 140/2012. Samtökin skora því á stjórnvöld að gæta að góðu samráði við Persónuvernd við frekari vinnslu frumvarpsins.

Samtökin hafa nánari athugasemdir við þrjár greinar frumvarpsins sem eru eftirfarandi:

1. Vanskil skatta og gjalda

Samkvæmt íslenskum kröfurétti er gjalddagi kröfu það tímamark þegar kröfuhafa er fyrst heimilt að krefjast þess að skuldari inni greiðslu sína af hendi. Í vissum tilvikum veita kröfuhafar skuldara frest til að efna skyldu sína og telst þá krafan ekki vanefnd ef greiðslan berst fyrir veittan frest, þ.e. svokallaðan eindaga. Í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum er lagt til að vikið sé frá þessum grundvallarreglum kröfuréttar, sbr. 3. mgr. 7. gr. Þar segir að skattar og gjöld sem ekki hafa verið greidd á gjalddaga eru í vanskilum. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er ákvæðið skýrt nánar og sérstaklega tekið fram að um vanskil sé að ræða, þrátt fyrir að eindagi sé ekki kominn.

Samtökin mótmæla þessu og telja engin rök standi til þess að setja sérreglu um vanskil skatta og gjalda, eins og lagt er til í frumvarpinu. Leiðir þetta til þess að fyrirtæki sem standa að fullu í skilum við ríkissjóð og nýta sér þá heimild til að greiða skatta og gjöld innan eindaga teljast í vanskilum við ríkissjóð. Þetta getur haft áhrif á möguleika fyrirtækja til að taka þátt í útboðum opinberra aðila þar sem skilyrði þátttöku er yfirleitt að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Samtökin leggja því til að 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði felld brott.

2. Endurgreiðsla oftekins fjár

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna reglur um endurgreiðslu oftekins fjár. Meginreglan samkvæmt ákvæðinu er að stjórnvöld endurgreiði skatta og gjöld sem ofgreidd reynast lögum samkvæmt. Fé skal endurgreiða

með vöxtum nema í þeim tilvikum þegar endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að ofgreitt var. Meginreglan er því sú að gjaldandi fái ofgreiðslu endurgreidda með vöxtum allan þann tíma er fé hans var í vörslum ríkissjóðs að þeim tilvikum undanskildum þegar endurgreitt er innan 30 daga.

Skilyrði fyrir greiðslu dráttarvaxta á ofgreitt fé eru hins vegar þrengd verulega miðað við núverandi fyrirkomulag. Samkvæmt frumvarpinu mun almenna reglan verða sú að ekki verði greiddir út dráttarvextir af ofteknum sköttum og gjöldum heldur vextir skv. 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga, skaðabótavextir. Frumvarpið gerir ráð fyrir þremur undantekningum á þessari meginreglu. Í fyrsta lagi á gjaldandi rétt til greiðslu dráttarvaxta á endurgreiðslukröfu sína ef hann leggur sannanlega fram kröfu um endurgreiðslu og inneign í skatti eða gjöldum er til staðar (2. mgr. 8. gr.). Hins vegar leggjast dráttarvextir ekki á kröfu hans ef greiðsla fer fram innan 30 daga frá því að hún er lögð fram. Í öðru lagi öðlast gjaldandi þennan rétt ef kæra hans er til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests (3. mgr. 8. gr.). Í þriðja lagi á gjaldandi rétt á greiðslu dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta eða gjalda (4. mgr. 8. gr.).

Til þess að gjaldandi eigi rétt til greiðslu dráttarvaxta á kröfu sína þarf að liggja fyrir, skv. 1. ml. 2. mgr. 8. gr., að inneign í skatti eða gjöldum sé til staðar. Með því er átt við að gjaldandi hafi sannanlega ofgreitt ríkissjóði og sú krafa hafi verið viðurkennd af þar til bæru yfirvaldi. Telja má líklegt að „þar til bær yfirvöld“ reynist treg til að samþykkja kröfur á hendur þeim sjálfum. Meginregla kröfurettar er sú að eftir gjalddaga ber að greiða dráttarvexti. Í 1. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 segir að sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Eðlilegt væri að sambærileg regla gildi þegar um ofgreiðslu er að ræða. Með frumvarpinu er hins vegar lagt til að sami aðili, kröfuhafinn, setji reglur um hvort og hvenær dráttarvextir skulu lagðir á kröfur sem þeim ber að greiða, hvort að slík krafa hafi stofnast í raun og hvort að öll skilyrði fyrir álagningu dráttarvaxta séu fyrir hendi. Ljóst er að allir kröfuhafar eru ekki í sömu aðstöðu og með reglusetningunni verður því jafnræði kröfuhafa raskað verulega.

Ein rök að baki reglunni sem birtast í greinargerð eru þau að mögulegt sé að gjaldendur misnoti í einhverjum tilvikum aðstöðu sína og greiði meira en þeim ber til að ná hagstæðari ávöxtun á fé sitt, með dráttarvöxtum á endurgreiðslu, en þeim stendur til boða annars staðar. Þessi rök eru í besta falli langsótt og ekki liggja fyrir nein dæmi í greinargerð um slíka háttsemi.

Samtökin áréttá hér mikilvægi þess að ríkið gæti hófs við takmörkun á almennum rétti borgaranna til að sækja lögbindið álag á ofgreidda skatta og gjöld. Það er ljóst að stjórnvöld eru með umræddu frumvarpi að setja strangari reglur um meðferð vangreiddra skatta og gjalda heldur en ofgreiddra, ríkisvaldinu í vil. Er þannig ríkisvaldið í mun hagstæðari stöðu sem kröfuhafi vangreidda skatta heldur en almenningur sem kröfuhafi ofgreiddra skatta. Þess ber að geta að ofgreidd gjöld eru í sumum tilvikum komin til vegna ólögþætrar innheimtu ríkisins og takmörkun á rétti borgaranna til að sækja endurgreiðslu þess fjár með lögbundnu álagi er varhugaverð.


3. Upplýsingagjöf

Í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins er innheimtumanni ríkissjóðs veitt afar víðtæk heimild til upplýsingaöflunar um eignir frá bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. um innlán og verðbréfaeign sem og um skuldastöðu. Í ákvæðinu er einungis tekið fram að upplýsingar skuli afhenda á grundvelli beiðni innheimtumanns ríkissjóðs en ekki kemur skýrlega fram í hvaða tilgangi heimilt sé að afla fyrrnefndra upplýsinga. Þá kemur hvergi fram í frumvarpinu hvers vegna svo víðtæk upplýsingaöflun sé nauðsynleg og í hvaða tilgangi en slíkt væri eðlilegt til að mynda út frá lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Svo opin heimild eins og hér er gert ráð fyrir mun geta íþyngt fjármálafyrirtækjum landsins ef upplýsingabeiðnir verða flóknar og tíðar.

Til viðbótar þá segir í athugasemdum við 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins að ríkisskattstjóri móti verklagið við upplýsingaöflun við eignakönnun samkvæmt þessu ákvæði. Að mati samtakanna er það hlutverk löggjafans að setja almenn skilyrði í lög sem tryggja lögmæti miðlunar persónuupplýsinga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins




Heiðrún Björk Gísladóttir, lögfræðingur

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

f.h. Samtaka iðnaðarins



Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur